

TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS LAGÐAR FRAM FYRIR ÁRSFUND SJÓÐSINS 26. MARS 2020

1) Grein 4.2

Núverandi grein:

Gerist **maður** sjóðfélagi í þessum sjóði, sem verið hefur sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, er stjórn sjóðsins heimilt að taka við sem eingreiðslu því fé er hann kann að fá útborgað úr þeim sjóði sem hann flyst úr.

Lagt til:

Gerist **einstaklingur** sjóðfélagi í þessum sjóði, sem verið hefur sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, er stjórn sjóðsins heimilt að taka við sem eingreiðslu því fé er hann kann að fá útborgað úr þeim sjóði sem hann flyst úr.

Rökstuðningur:

Eðlilegra að sjóðfélagar séu tilgreindir sem “einstaklingar”, sleppa í staðinn að nota orðið „maður“.

Breytingin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

2) Grein 5.1

Núverandi grein:

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex sjóðfélögum kjörnum á ársfundi til þriggja ára í senn og skal stjórnin skipuð **þremur konum og þremur körlum**.

Varamenn í stjórn eru þrír sjóðfélagar kosnir af sjóðfélögum og skal hvort kyn eiga minnst einn fulltrúa í varastjórn.

Að jafnaði skulu ár hvert kosnir tveir sjóðfélagar á ársfundi og einn til vara.

Framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund til stjórnar sjóðsins.

Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef kjósa á einn frambjóðanda fer öll inneign sjóðfélaga á þann frambjóðanda. Ef kjósa skal tvo stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við tvo frambjóðendur og fá þeir þá báðir alla inneign sjóðfélagans.

Varamenn skulu kosnir í sérstakri kosningu þegar kjör aðalstjórnarmanna hefur farið fram.

Niðurstaða stjórnarkjörs, bæði aðalmanna og varamanna, ræðst af skilyrðum 1. og 2. mgr. um hlutfall kynja í stjórn. Ef laust sæti skal skipað **konu** hlýtur **sá kvenframbjóðandi** sem fær flest atkvæði kosningu og öfugt ef laust sæti skal skipað **karli**.

Varamenn skulu boðaðir í fjarveru stjórnarmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Varamenn hafa eingöngu atkvæðisrétt þegar þeir sitja sem aðalmenn.

Stjórnarmaður má sitja í stjórn sjóðsins í allt að 12 ár.

Lagt til:

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex sjóðfélögum kjörnum á ársfundi til þriggja ára í senn og **skal stjórnin skipuð þremur einstaklingum af hvoru kyni.**

Varamenn í stjórn eru þrír sjóðfélagar kosnir af sjóðfélögum og skal hvort kyn eiga minnst einn fulltrúa í varastjórn.

Að jafnaði skulu ár hvert kosnir tveir sjóðfélagar á ársfundi og einn til vara.

Framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund til stjórnar sjóðsins.

Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef kjósa á einn frambjóðanda fer öll inneign sjóðfélaga á þann frambjóðanda. Ef kjósa skal tvo stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við tvo frambjóðendur og fá þeir þá báðir alla inneign sjóðfélagans.

Varamenn skulu kosnir í sérstakri kosningu þegar kjör aðalstjórnarmanna hefur farið fram.

Óbreytt

Niðurstaða stjórnarkjörs, bæði aðalmanna og varamanna, ræðst af skilyrðum 1. og 2. mgr. um hlutfall kynja í stjórn. Ef laust sæti skal skipað tilteknu kyni hlýtur **sá frambjóðandi af því kyni** sem fær flest atkvæði kosningu.

Varamenn skulu boðaðir í fjarveru stjórnarmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Varamenn hafa eingöngu atkvæðisrétt þegar þeir sitja sem aðalmenn.

Stjórnarmaður má sitja í stjórn sjóðsins í allt að 12 ár.

Óbreytt

Rökstuðningur:

Breytingin fellir út aðskilnað í konur og karla, en inntakið færð í hlutlausu kynjaskiptingu og lýsingu sem nær yfir bæði kyn. Breytingin er í samræmi við orðanotkun í 4. mgr. 29. gr. Laga nr. 129/1997 og einnig t.am. laga um hlutafélög nr. 2/1995, sbr. breytingarlög nr. 13/2010. En í þeim lögum er fjallað um kynin hlutlaust, án aðgreiningar. Breytingin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

3) Grein 7.2

Núverandi grein:

Stjórnin skal boða ársfundinn með minnst 14 daga fyrirvara með tryggilegum hætti. Í fundarboði skal geta dagskrár. Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Lagt til:

Stjórnin skal boða ársfundinn með minnst 14 daga **fyrirvara með auglýsingu í að minnsta kosti einu dagblaði sem hefur víðtæka útbreiðslu á Íslandi og með tilkynningu á heimasíðu sjóðsins, og telst slík boðun tryggileg.** Í fundarboði skal geta dagskrár. Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Rökstuðningur:

Með breytingunni er tilgreint með nákvæmum hætti hvernig boða skuli til ársfundar. Kemur í veg fyrir túlkun á því hvernig boða skuli til ársfundar. Breytingin uppfyllir áskilnað 4. tl. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 129/1997, sbr. 2. mgr. 30. gr. sl.

4) Grein 11.3

Núverandi grein:

Sjóðfélagar geta hvenær sem er valið nýtt safn til að ávaxta inneign sína og flutt inneign milli verðbréfasafna í einu lagi eða í áföngum. Beiðnir um breytingar á ávöxtunarleið skulu vera staðfestar af sjóðfélögum með undirskrift. **Ef um er að ræða flutning í einu lagi skal inneign flutt milli verðbréfasafna í lok mánaðar eftir að beiðni berst.** Beiðnir um flutning sem berast síðustu tvo virka daga mánaðar verða afgreiddar í lok næsta mánaðar eftir að beiðni berst. Sjóðfélagar greiða kostnað fyrir flutning á inneign milli ávöxtunarleiða og greiðist kostnaðurinn að jöfnu í söfn sem flutt er úr og í. Stjórn sjóðsins ákvarðar kostnað sem birtur er í verðskrá á heimasíðu sjóðsins.

Lagt til:

Sjóðfélagar geta breytt um ávöxtunarleið og flutt inneign milli verðbréfasafna í einu lagi eða í áföngum. Beiðnir um breytingar á ávöxtunarleið skulu vera staðfestar af sjóðfélögum með undirskrift. **Flutningur inneignar milli verðbréfasafna skal framkvæmdur í lok mánaðar eftir að beiðni berst, hvort sem um er að ræða flutning í einu lagi eða í áföngum.** Beiðnir um flutning sem berast síðustu tvo virka daga mánaðar verða afgreiddar í lok næsta mánaðar eftir að beiðni berst. Sjóðfélagar greiða kostnað fyrir flutning á inneign milli ávöxtunarleiða og greiðist kostnaðurinn að jöfnu í söfn sem flutt er úr og í. Stjórn sjóðsins ákvarðar kostnað sem birtur er í verðskrá á heimasíðu sjóðsins.

Rökstuðningur:

Með breytingu er komið í veg fyrir að misskilnings gæti um að flutningur í áföngum geti verið framkvæmdur á öðrum tímum mánaðarins en flutningur í heilu lagi. Breytingin felur þannig ekki í sér efnislega breytingu, en er ætlað að vera til nánari skýringa.

5) Grein 18.3

Núverandi grein:

Ellilífeyrir er greiddur mánaðarlega fyrir fram til **dauðadags** samkvæmt uppsöfnuðum réttindum. Réttur til ellilífeyris fellur niður við andlát. **Réttur til töku ellilífeyris er fyrst vegna fyrsta mánaðar eftir að 60 ára aldri er náð. Sjá töflu nr. 3 í 6. kafla samþykktanna.**

Lagt til:

Ellilífeyrir er greiddur mánaðarlega fyrir fram **til þess mánaðar sem sjóðfélagi fellur frá**, samkvæmt uppsöfnuðum réttindum. Réttur til ellilífeyris fellur niður við andlát.

Rökstuðningur:

Breytingin í fyrri málslið felur í sér heppilegra orðalag varðandi tímamark andláts og tilfærslu á síðari málslið greinarinnar.

Síðari málsliður færist frá grein 18.3 í grein 18.1, þar sem orðalagið á betur heima. Breytingin er sett fram hér að neðan. Breytingunni er ætlað að vera til glöggvunar á inntaki, en felur ekki í sér efnislega breytingu.

Grein 18.1 breytist samhliða og tekur við síðari málslið greinar 18.3.

Núverandi grein:

Mánaðarlegur ellilífeyrir er greiddur frá 70 ára aldri til æviloka. Sjóðfélagi getur flýtt töku lífeyris og hafið lífeyrisgreiðslur 60 ára en þá lækkar fjárhæð mánaðarlegs ellilífeyris sbr. töflu 3 í 6. kafla. Sjóðfélagi sem orðinn er 70 ára getur frestað töku lífeyris og hækkar þá upphæð ellilífeyris sbr. töflu 3

í 6 kafla fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað. Þannig getur sjóðfélagi frestað töku ellilífeyris til allt að 80 ára aldurs gegn varanlegri hækkun mánaðarlegra ellilífeyrisgreiðslna.

Lagt til:

Mánaðarlegur ellilífeyrir er greiddur frá 70 ára aldri til æviloka. Sjóðfélagi getur flýtt töku lífeyris og hafið lífeyrisgreiðslur 60 ára en þá lækkar fjárhæð mánaðarlegs ellilífeyris sbr. töflu 3 í 6. kafla. **Réttur til greiðslna ellilífeyris getur fyrst stofnast í næsta mánuði eftir að 60 ára aldri er náð.** Sjóðfélagi sem orðinn er 70 ára getur frestað töku lífeyris og hækkar þá upphæð ellilífeyris sbr. töflu 3 í 6 kafla fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað. Þannig getur sjóðfélagi frestað töku ellilífeyris til allt að 80 ára aldurs gegn varanlegri hækkun mánaðarlegra ellilífeyrisgreiðslna.

6) Grein 26.3

Núverandi grein:

26.3. Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum sem um getur í greinum 26.1. og 26.2. með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því.

Lagt til:

Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum sem um getur í greinum 26.1. og 26.2. með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því, **eða ef lagaheimild er fyrir slíkum skilum.**

Rökstuðningur:

Breytingin er einföld og sett fram til að ná til þess ef lög heimila rafrænar sendinga yfirlita án sérstaks samþykkis sjóðfélaga.